**69. fundur**

14. desember 2017

1002008SA BOH
Málalykill: 524

**Fundargerð samstarfsnefndar**
**Sambands íslenskra sveitarfélaga**
**og**
**Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum**

69. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum var haldinn fimmtudaginn 14. desember 2017 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 9:30.

Mætt f.h FT, Sigrún Grendal og Jón Hrólfur Sigurjónsson. Af hálfu SNS mættu Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Guðbjörg Sigurjónsdóttir var forfölluð.

Þá var gengið til dagskrár.

**1. Tillögur starfshóps um breytingar á samþykktum og reglum Starfsmenntunarsjóðs FT**

Starfshópur sem skipaður var haustið 2016 vegna breytinga á samþykktum og reglum Starfsmenntunarsjóðs FT hefur nú vísað lokatillögum sínum til samþykktar hjá samstarfsnefnd Kennarasambands íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefnd samþykkir einróma nýjar samþykktir og reglur fyrir Starfsmenntunarsjóð FT og taka þær gildi frá og með 3. janúar 2018.

Umsóknir sem berast sjóðnum til og með 2. janúar 2018 verða afgreiddar skv. gildandi samþykktum. Umsóknir sem berast frá og með 3. janúar verða afgreiddar skv. nýjum samþykktum.

Frumeintak reglnanna eins og þær liggja fyrir fundinum eru áritaðar af fulltrúum í samstarfsnefnd þessu til staðfestingar.

Starfshópnum eru þökkuð vel unnin störf.

Fundi slitið klukkan 10:00